

Farsældarráð á Suðurlandi

Samstarfsyfirlýsing um svæðisbundinn samráðsvettvang

Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Skaftárhreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Svf. Árborg, Svf. Hornafjörður, Svf. Ölfus, Vestmannaeyjabær, Samband sunnlenskra sveitarfélaga, Fjölbautaskóli Suðurlands, Menntaskólinn að Laugarvatni, Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum, Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Lögreglustjórinn á Suðurlandi, Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum, og Svæðisstöð íþróttahéraða, ungmenna- og foreldraráð á Suðurlandi hafa komið sér saman um stofnun Farsældarráðs, í samræmi við 5. gr. laga nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Markmið

Markmið samstarfsins er að efla og samræma þjónustu við börn og fjölskyldur á Suðurlandi með samþættri, snemmtækri og heildstæðri nálgun. Jafnframt mun farsældarráð vinna að því að styrkja þverfaglegt samstarf og tryggja að farsæld barna sé leiðarljós í stefnumótun og framkvæmd þjónustu í landshlutanum.

Áherslur

Farsældarráð Suðurlands mun vinna að eftirfarandi áherslum, í samræmi við farsældarlög:

- Samhæfðri og snemmtækri þjónustu við börn og fjölskyldur.
- Fjölgun tækifæra barna til náms, frístunda og samfélagsþátttöku, óháð aðstæðum og bakgrunni.
- Faglegu samstarfi milli þjónustuveitenda ríkis, sveitarfélaga og einkaaðila.
- Öflugu forvarnarstarfi og stuðningsúrræðum sem stuðla að öryggi, velferð og farsælum þroska barna.
- Virku samráði við börn og foreldra.
- Mótun fjögurra ára aðgerðaáætlunar, sem byggir á svæðisbundnum styrkleikum og áskorunum.

Starfsemi og ábyrgð

Farsældarráð Suðurlands er svæðisbundinn samráðsvettvangur þjónustuveitenda sem bera ábyrgð á þjónustu við börn og fjölskyldur í landshlutanum. Í ráðinu eiga sæti fulltrúar fræðslu- og félagsþjónustu, heilbrigðisþjónustu, lögreglu, frístunda- og íþróttastarfs auk annarra aðila eftir þörfum svæðisins. Sveitarfélögin bera sameiginlega ábyrgð á starfsemi ráðsins. Samstarfsaðilar skuldbinda sig til virkrar þátttöku, miðlunar upplýsinga og samráðs í samræmi við ákvarðanir og aðgerðaáætlun ráðsins.

Í umboði farsældarráðs starfar framkvæmdahópur sem ber ábyrgð á að fylgja eftir ákvörðunum ráðsins og vinna að innleiðingu þeirra. Framkvæmdahópurinn undirbýr einnig aðgerðaáætlun

ráðsins og tryggir tengingu við stjórnsýslu og fagfólk á svæðinu. Í hópnum sitja tilnefndir fulltrúar stofnana og sveitarfélaga með sérþekkingu og umboð til að leiða framkvæmd aðgerðaáætlunar farsældarráðs. Hópurinn fundar reglulega og vinnur í nánú samstarfi við verkefnastjóra farsældar. Einnig getur farsældarráð stofnað tímabundna verkefnahópa til að vinna að sértækum verkefnum.

Verkefnastjóri farsældar

Með ráðinu starfar verkefnastjóri farsældarráðs Suðurlands, sem heldur utan um daglega framkvæmd, undirbýr fundi og tryggir eftirfylgni ákvarðana. Verkefnastjórinn hefur aðsetur og starfar í umboði Sambands sunnlenskra sveitarfélaga og er tengiliður ráðsins við Barna- og fjölskyldustofu. Meðal verkefna umrædds aðila er einnig að halda utan um áætlanagerð, samskipti og samráð fyrir hönd ráðsins. Verkefnastjóri er ekki meðlimur í farsældarráði og tekur því ekki þátt í formlegri ákvarðanatöku þess.

Verklag

Farsældarráðið setur sér í upphafi verklag um starfshætti, sem kveður meðal annars á um:

- Skipulag funda
- Verklag við undirbúning málaflokka
- Eftirfylgni ákvarðana
- Hlutverk verkefnastjóra og annarra sem koma að daglegri framkvæmd
- Samráð við notendur, tengingu við sveitarstjórnir og opinberar stofnanir

Ráðið fundar að lágmarki tvisvar á ári, og oftár ef þörf krefur. Á milli formlegra funda getur verkefnastjóri, í samráði við ráðið, boðað til funda eða stofnað til vinnuhópa með þjónustuveitendum til að vinna að einstaka verkefnum eða brýnum málum sem upp koma.

Aðgerðaáætlun og skýrslugjöf

Innan tólf mánaða frá stofnun ráðsins skal mótuð svæðisbundin aðgerðaáætlun til fjögurra ára í þágu farsældar barna á Suðurlandi.

Í samræmi við farsældarlög, skal unnin skýrsla um starfsemi ráðsins og framvindu aðgerðaáætlunar á tveggja ára fresti. Skýrslan skal send til Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála og gerð aðgengileg almenningi og sveitarfélögum.

Gildistími og endurskoðun

Samstarfsyfirlýsing þessi tekur gildi við undirritun og gildir út kjörtímabil núverandi sveitarstjórna, þ.e. fram að kosningum í maí 2026. Hún verður endurskoðuð í upphafi næsta kjörtímabils eða fyrr ef aðilar telja þörf á. Stefnt er að áframhaldandi samstarfi að kjörtímabili liðnu.

Undirritun

Við undirrituð skuldbindum okkur til að framfylgja þessari samstarfsyfirlýsingu af heilindum og vinna saman að þeim markmiðum og aðgerðum sem hér eru skilgreind.

Kirkjubæjarklaustri, dags. 23.október 2025,

Ásahreppur

Bláskógabyggð

Flóahreppur
Grafningshreppur

Grímsnes- og

Hrunamannahreppur

Hveragerðisbær

Mýrdalshreppur

Rangárþing eystra

Rangárþing ytra

Skaftárhreppur

Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Svf. Hornafjörður

Svf. Árborg

Svf. Ölfus

Vestmannaeyjabær
sveitarfélagi

Samband sunnlenskra

Lögreglustjórinn á Suðurlandi
Vestmannaeyjum

Lögreglustjórinn í

Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Fjölbrautarskóli Suðurlands

Menntaskólinn að Laugarvatni
Vestmannaeyjum

Framhaldsskólinn í

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu

Svæðisfulltrúar íþróttahéraða

Foreldrafélög á Suðurlandi

Ungmennaráð á Suðurlandi